

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 21. nóvember 2011 staðfest aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu. Frestað er staðfestingu þess hluta aðalskipulagsins er varðar legu háspennulínu frá HólmsárvirkJun að BúlandsvirkJun og frá henni til norðurs að Sigöldulínu 4, sbr. 2. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014 frá 26. mars 2003, með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. nóvember 2011.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*